



BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR HAUSTIÐ 2023

KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á HAUSTÖNN 2023

Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga á þriðjudögum og fimmtudögum á haustönn 2023. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Yngstu og elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða þrjár myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og sýnum klippur fyrir myndir til að útskýra kvikmyndatöku, tæknibrellur, vísanir í kvikmyndasöguna, greiningu á sviðsmynd og leik.

Fjölskyldumál, vinátta, einelti og umræða um kjarnorkumál eru meðal þeirra málefna sem við bjóðum upp á þetta haust með spennandi kvikmyndum. Eftir Oppenheimer þurfa allir að kynna sér meistaraverk Stanley Kubricks, Dr. Strangelove sem verður í flokki bíóklassíkur. Myndin varð til þess að breyta löggjöf um kjarnorkuvopn þar sem hún sýnir ferlið sem fer í gang þegar kjarnorkuvopn eru virkjuð. Við verðum með glænýja mynd um raunheim flóttabarna, Tori og Lokita sem hlaut 75 ára afmælisverðlaun í Cannes og innilegt samband tveggja drengja sem verða fyrir einelti með myndinni Close, en hún var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna í ár og fjallar um þetta vandamál af mikilli nærfærni.

Við bjóðum öllum leikskólabörnum, þriggja ára og eldri á sýningar þetta haustið með verðlaunamyndinni Andri og Edda verða bestu vinir og Apastjörnuna og Pocahontas fyrir eldri börn leikskóla og fyrstu bekkí grunnskóla. Í viðleitni okkar til að kynna frumkvöðla kvikmyndanna sýnum við Hugo eftir Martin Scorsese um föður tæknibrellanna, Georges Méliès.

Að auki verður á boðstólum gamanmyndin The Royal Tenenbaums eftir Wes Anderson og verðlaunamyndin Wajdja, sem er fyrsta kvikmyndin eftir konu í Sádi-Arabíu um hugrakka stúlku sem kann að setja sér markmið við erfið skilyrði. Hugljúfa myndin Hilda frænka fjallar um óvenjuleg fjölskyldutengsl tveggja systra og baráttu annarrar þeirrar fyrir umhverfisvernd.

Auk Dr. Strangelove sýnum við Fuglana eftir Alfred Hitchcock í flokknum Bíóklassík, enda margfræg kvikmynd sem kom fram með óvenjulegar og nýstárlegar tæknibrellur á sínum tíma.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: oddnysen@gmail.com



GRUNNSKÓLASÝNINGAR HAUSTIÐ 2023

POCAHONTAS 1-4. bekkur

ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR 1.-3. bekkur, 3+

APASTJARNAN 2.-5. bekkur

TORI OG LOKITA 8.-10. bekkur

HILDA FRÆNKA 2.-5. bekkur

FUGLARNIR 9-10. bekkur

DR. STRANGELOVE 8.-10. bekkur

CLOSE 8.-10. bekkur

THE ROYAL TENENBAUMS 6.-10. bekkur

HUGO 3.-7. bekkur

WAJDJA 6.-9. Bekkur



Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís



POCAHONTAS



TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, 1995

LENGD: 81 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Mike Gabriel, Eric Goldberg

AÐALHLUTVERK: Mel Gibson, Linda Hunt, Christian Bale

Pocahontas gerist árið 1607 og segir frá ungri frumbyggjastúlku sem lifir áhyggjulausu lífi í Virginíu. Hún veltir fyrir sér hvort hún eigi að giftast staðföstum stríðsmanni sem faðir hennar valdi eða hvort forlögin hafi ætlað henni annað hlutskipti. Hún leitar ráða hjá vinum sínum og 4000 ára gömlum anda sem býr í gömlu tré.

Hópur landkönnuða leggur leið sína til nýja heimsins, eins og Ameríka var kölluð í þá daga, í leit að gulli og gersemum og í hópnum er hugrakkur hermaður sem heitir John Smith.

Pocahontas er þrítugasta og þriðja teiknimynd Walt Disney-fyrirtækisins í fullri lengd. Hún er fyrsta teiknimynd fyrirtækisins sem byggir á sannsögulegum atburðum og fjallar um samnefnda kvenhetju og kynni hennar af enskum sjóliða, John Smith.

ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR



TEGUND OG ÁR: Barnamynd, 2013

FRAMLEIÐSLULAND: Noregur

LENGD: 78 mínútur

LEIKSTJÓRI: Arne Lindtner Næss

LEIKARAR: Nora Amundsen, Hilde Louise Asbjørnsen, Janne Formoe

TUNGUMÁL: Talsett á íslensku

ALDURSHÓPUR: 3+

Þegar Andri byrjar á leikskóla kynnist hann Eddu en þau verða bestu vinir. Tuskudýrin þeirra, ljónsunginn og fröken Kanína, verða einnig vinir og þegar annað þeirra týnist á slökkvistöðinni lenda þau Andri og Edda í ýmsum ævintýrum. Myndin var tilnefnd sem besta barnamyndin á hinum norsku Amanda verðlaunum sem og að hún var tilefnd sem besta barnamyndin á kvikmyndahátíðinni í Tallinn.

Myndin er talsett á íslensku og hentar öllum aldurshópum.

APASTJARNAN



TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, fjölskyldumynd, 2022

FRAMLEIÐSLULAND: Svíþjóð, Noregur, Danmörk

LENGD: 75 mínútur

LEIKSTJÓRI: Linda Hambäck

LEIKARAR: Rebecca Gerstmann, Pernilla August, Melinda Kinnaman

TUNGUMÁL: Talsett á íslensku

Jonna er ung munaðarlaus stúlka. Einn daginn kemur Górilla á heimilið þar sem hún býr og vill ættleiða hana. En það tekur smá tíma fyrir Jonnu að venjast nýju móður sinni en lífið verður gott. Þangað til að yfirvöld ógna nýju fjölskyldunni...

Hjartnæm saga sem tilnefnd var til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna 2021 sem besta teiknimyndin. Myndin er talsett á íslensku.

TORI OG LOKITA



TEGUND OG ÁR: Drama, 2023

FRAMLEIÐSLULAND: Frakkland, Belgía

LENGD: 89 mínútur

LEIKSTJÓRI: Jean-Pierre Dardenne, Luc Dardenne

LEIKARAR: Pablo Schils, Joely Mbundu, Alban Ukaj

TUNGUMÁL: Franska með íslenskum texta

Unglingsstúlka vingast við ungan dreng á flóttu, þar sem þau koma bæði frá Afríku. Saman mynda þau bandalag til að lifa af í nýju landi þar sem örlög þeirra ráðast. Myndin lýsir þeim raunveruleika sem ungmenni á flóttu þurfa að ganga í gegnum á leið sinni til betra lífs.

Nýjasta kvikmynd Dardenne bræðranna snertir hjörtu, en hún keppti um Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni Cannes 2022 þar sem hún vann sérstök 75 ára afmælisverðlaun hátíðarinnar.

HILDA FRÆNKA



TEGUND OG ÁR: *Teiknimynd, gamanmynd, fjölskyldumynd, 2013*

FRAMLEIÐSLULAND: *Frakkland*

LENGD: *89 mínútur*

LEIKSTJÓRI: *Benoît Chieux, Jacques-Rémy Girerd*

LEIKARAR: *Sabine Azéma, Josiane Balasko, François Morel*

TUNGUMÁL: *Franska með íslenskum texta*

Hilda frænka lifir fyrir plönturnar sínar og sér um foreldra sína sem eru orðin öldruð. Á meðan hún ræktar heilan helling af gróðri inni í ævintýrlegri glerhöll, vinnur alþjóðlegt stórfyrirtæki að því að rækta töfraplöntu sem kallast Attilem.

Stormasöm og stórkemmtileg blanda af spennu, fjölskyldudrama og ástarsögu með hugleiðingum um umhverfið og virðingu fyrir náttúrunni.



TEGUND OG ÁR: Sálfræðilegur spennutryllir, 1963

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin.

LENGD: 119 mínútur

LEIKSTJÓRI: Alfred Hitchcock

LEIKARAR: Tippi Hedren, Rod Taylor, Jessica Tandy

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Alfred Hitchcock er einn mikilvægasti kvikmyndaleikstjóri sem uppi hefur verið, en hann lagði grundvöllinn að kvikmyndagerð eins og við þekkjum hana í dag.

Í Fuglunum segir frá Melanie Daniels sem kynnist lögfræðingnum Mitch Brenner í gæludýrabúð. Hann ætlar að eyða helginni með móður sinni og systur í Bodega Bay og Melanie fer þangað til að hrekkja hann. Eftir að Melanie kemur til Bodega Bay fara fuglarnir að haga sér einkennilega og brátt ráðast þeir í þúsundatali á allt fólk á staðnum. Engin skýring finnst á þessu háttalagi fuglanna.

Ásamt Psycho, Rear Window og Vertigo eru Fuglarnir ein af frægustu myndum Hitchcock og Hitchcock notaði nýstárlegar aðferðir til að segja æsispennandi sögu sem hefur staðist tímans tönn.



TEGUND OG ÁR: Gamanmynd/drama, 1964

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin/Bretland

LENGD: 94 mínútur

LEIKSTJÓRI: Stanley Kubrick

LEIKARAR: Peter Sellers, Sterling Hayden, Georg C. Scott

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Eftir Oppenheimer þurfa allir að sjá Dr. Strangelove, sem er með frægustu myndum Stanley Kubrick, en hann gerði einnig 2001: A Space Odyssey, Clockwork Orange og The Shining. Myndin er gerð þegar kalda stríðið var í hámarki og ótti um kjarnorkustyrjöld var ríkjandi.

Ofsóknaróður liðsforingi, Jack D. Ripper, trúir því að Sovétmenn hafi sett flúor í drykkjarvatnið í Bandaríkjunum til að eitra fyrir bandarísku þjóðinni. Hann setur af stað kjarnorkuárás á Sovétríkin án vitundar yfirmann sinna og þegar kemst upp um hann er reynt með öllum ráðum að koma í veg fyrir kjarnorkustríð.

Peter Sellers lék þrjú hlutverk í myndinni, forseta Bandaríkjanna, Lionel Mandrake sem er yfirmaður Rippers og uppgjafa nasista, Dr. Strangelove sem er ráðgjafi í ríkisstjórninni.

Myndin varð þess valdandi að löggjöf um kjarnorkuvopn var hert, vegna þess að myndin lýsir nákvæmlega ferlinu sem fer í gang þegar kjarnorkuvopn eru virkjuð.

CLOSE



TEGUND OG ÁR: Drama, 2023

FRAMLEIÐSLULAND: Belgía, Holland, Frakkland

LENGD: 104 mínútur

LEIKSTJÓRI: Lukas Dhont

LEIKARAR: Eden Dambrine, Gustav De Waele, Émilie Dequenne

TUNGUMÁL: Hollenska, flæmska, franska með íslenskum texta

Innileg vinátta tveggja 13 ára drengja, Remí og Léo, er rofin án fyrirvara. Léo reynir að skilja hvað gerðist og leitar því til móður Remí til þess að reyna skilja hvað gerðist.

Myndin vann dómnefndarverðlaunin Grand Prix á kvikmyndahátíðinni Cannes 2022.

Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna 2023 sem besta erlenda kvikmyndin.

THE ROYAL TENENBAUMS



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 2001

LENGD: 109 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Wes Anderson

AÐALHLUTVERK: Danny Glover, Gene Hackman, Anjelica Huston

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

The Royal Tenenbaums fjallar um mjög svo sérstaka fjölskyldu, en myndin er innblásin af bókmenntastíl J.D. Salinger. Hún segir frá þremur systkinum sem náðu góðum árangri í æsku en upplifa mikil vonbrigði þegar þau vaxa úr grasi. Faðir þeirra yfirgaf þau þegar þau voru á unglingsárum en snýr aftur og þykist vera með banvænan sjúkdóm til að öðlast fyrirgefningu.

Að vanda verður varpað ljósi á kvikmyndagerð Wes Anderson og fjallað um nálgun hans á viðfangsefninu. Gene Hackman, sem leikur fjölskylduföðurinn, hlaut Golden-Globe verðlaunin og AFI-verðlaunin fyrir besta leikinn.

HUGO



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 2008

LENGD: 126 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Martin Scorsese

ADALHLUTVERK: Ben Kingsley, Sasha Baron Cohen, Asa Butterfield

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Kvikmyndin Hugo gerist í París á fjórða áratugnum og segir frá ellefu ára dreng, Hugo, sem elst upp hjá föður sínum, sem er vísindamaður. Þegar hann deyr, flytur Hugo til frænda síns sem sér um klukkur á brautarstöð í París, en lætur sig síðan hverfa, svo Hugo þarf að sjá um sig sjálfur og halda öllum klukkunum á brautarstöðinni gangandi.

Hugo kynnist leikfangasmið sem ber nafn eins helsta frumkvöðuls kvikmyndanna, Georges Méliès, en saga hans er fléttuð inn í verkið. Hugo þarf jafnframt að finna lykil að vélmenni sem faðir hans var að vinna að og þá hefst ævintýrið fyrir alvöru.

Á undan sýningu er kynning á forsögu kvikmyndanna og Georges Méliès.

WADJDA



TEGUND OG ÁR : Leikin kvikmynd, 2012

LENGD: 98 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Sádi-Arabía

LEIKSTJÓRI: Haifa Al Mansou

AÐALHLUTVERK: Waad Mohammed, Reem Abdullah, Abdulrahman al-Guhani

TUNGUMÁL: Arabíska og franska með íslenskum texta

Wajda er tíu ára gömul stúlka sem dreymir um að eignast reiðhjól en slíkt er ekki í boði fyrir stúlkur í Sádi-Arabíu. Hún er hins vegar ekki tilbúin að setta sig við það. Á sama tíma bíður móðir hennar á milli vonar og ótta eftir ákvörðun eiginmanns síns, en hann hugleiðir að fá sér nýja konu.

Myndin er fyrsta kvikmyndin sem var tekin að öllu leyti upp í Saudí-Arabíu og er leikstýrð frá konu úr sama landi. Hún varpar ljósi á hlutskipti kvenna í Mið-Austurlöndum og var heimsfrumsýnd í Bíó Paradís árið 2012 í samvinnu við UN Women. Hún hefur hlotið margvísleg verðlaun um allan heim, þar á meðal BAFTA-verðlaunin 2014.

SÝNINGAR:

ÞRIÐJUDAGUR 19. SEPTEMBER KL. 10:00 - POCAHONTAS

ÞRIÐJUDAGUR 19. SEPTEMBER KL. 13:00 – DR STRANGELOVE

FIMMTUDAGUR 28. SEPTEMBER KL. 10:00 - APASTJARNAN

FIMMTUDAGUR 28. SEPTEMBER KL. 13:00 – THE ROYAL TENENBAUMS

ÞRIÐJUDAGUR 3. OKTÓBER KL. 10:00 – ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR

ÞRIÐJUDAGUR 3. OKTÓBER KL. 13:00 – WAJDJA

FIMMTUDAGUR 12. OKTÓBER KL. 10:00 - HUGO

FIMMTUDAGUR 12. OKTÓBER KL. 13:00 - FUGLARNIR

ÞRIÐJUDAGUR 17. OKTÓBER KL. 10:00 – CLOSE/DR STRANGELOVE

ÞRIÐJUDAGUR 17. OKTÓBER KL. 13:00 – TORI OG LOKITA

VETRARFRÍ OG BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS

FIMMTUDAGUR 2. NÓVEMBER KL. 10:00 – TORI OG LOKITA/FUGLARNIR

FIMMTUDAGUR 2. NÓVEMBER KL. 13:00 - HILDA FRÆNKA



ÞRIÐJUDAGUR 7. NÓVEMBER KL. 10:00 – POCAHONTAS

ÞRIÐJUDAGUR 7. NÓVEMBER KL 13:00 – FUGLARNIR

ÞRIÐJUDAGUR 14. NÓVEMBER KL. 10:00 – WADJDA

ÞRIÐJUDAGUR 14. NÓVEMBER KL. 13:00 – HUGO

ÞRIÐJUDAGUR 21. NÓVEMBER KL. 10:00 – APASTJARNAN/HILDA FRÆNKA

ÞRIÐJUDAGUR 21. NÓVEMBER KL. 13:00 – TORI OG LOKITA

FIMMTUDAGUR 30. NÓVEMBER KL. 10:00 – THE ROYAL TENENBAUMS

FIMMTUDAGUR 30. NÓVEMBER KL. 13:00 – HILDA FRÆNKA

ÞRIÐJUDAGUR 5. DESEMBER KL. 10:00 – ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR

ÞRIÐJUDAGUR 5. DESEMBER KL. 13:00 – DR STRANGELOVE/CLOSE

ÞRIÐJUDAGUR 12. DESEMBER KL 10:00 – POCAHONTAS

ÞRIÐJUDAGUR 12. DESEMBER KL. 13:00 – HUGO



Kennarar eru hvattir til þess að nota skólasýningar kvikmynda inn í kennslu sína og flétta boðskap, efnistösk og listræna nálgun inn í þær greinar sem við á hverju sinni s.s. í samfélagsfræði, myndlist, sögu og í smiðjum ýmis konar. Stuðningsefni er sent fyrir sýningar og í sumum tilfellum í kjölfar þeirra sem auðvelt er að nýta það inn í kennsluna.

Vinsamlegast sjáið til þess að umgengni nemenda í sölum sé í lagi og tryggt sé að nemendur skilji ekki eftir leifar eða umbúðir á gólfi eða í sætum.

Verkefnisstjóri: Oddný Sen

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís



SÝNINGARPLAN VEGNA GRUNNSKÓLASÝNINGA HAUSTIÐ 2023

1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10.

SEPTEMBER

þri	19.9.2023	10:00 Pocahontas	1.-4.bekkur							
þri	19.9.2023	13:00 Dr. Strangelove	8.-10.bekkur							
fim	28.9.2023	10:00 Apastjarnan	1.-4.bekkur							
fim	28.9.2023	13:00 The Royal Tenenbaums	6.-10.bekkur							

OKTÓBER

þri	3.10.2023	10:00 Andri og Edda verða bestu vinir	1.-3.bekkur							
þri	3.10.2023	13:00 Wadjda	6.-9. bekkur							
fim	12.10.2023	10:00 Hugo	3.-7. bekkur							
fim	12.10.2023	13:00 Fuglarnir	8.-10.bekkur							
þri	17.10.2023	10:00 Close/Dr. Strangelove	8.-10.bekkur							
þri	17.10.2023	13:00 Tori og Lokita	8.-10.bekkur							

VETRARFRÍ OG BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS

NÓVEMBER

fim	2.11.2023	10:00 Tori og Lokita/Fuglarnir	8.-10.bekkur							
fim	2.11.2023	13:00 Hilda frænka	2.-5.bekkur							
þri	7.11.2023	10:00 Pocahontas	1.-4.bekkur							
þri	7.11.2023	13:00 Fuglarnir	8.-9. bekkur							
þri	14.11.2023	10:00 Wadjda	6.-9.bekkur							
þri	14.11.2023	13:00 Hugo	3.-7.bekkur							
þri	21.11.2023	10:00 Apastjarnan/Hilda frænka	1.-4.bekkur							
þri	21.11.2023	13:00 Tori og Lok	8.-10.bekkur							
fim	30.11.2023	10:00 The Royal Tenenbaums	6.-10.bekkur							
fim	30.11.2023	13:00 Hilda frænka	2.-5.bekkur							

DESEMBER

þri	5.12.2023	10:00 Andri og Edda verða bestu vinir	1.-3. bekkur							
þri	5.12.2023	13:00 Dr. Strangelove/Close	8.-10.bekkur							
þri	12.12.2023	10:00 Pocahontas	1.-4.bekkur							
þri	12.12.2023	13:00 Hugo	3.-7.bekkur							

JÓLAFRÍ

	Hentar viðkomandi aldurshópi
	Tvær myndir sýndar á sama tíma
	Gæti hentað



KVIKMYNDIR

POCAHONTAS – Ævintýri, teiknimynd, saga hinnar raunverulegu Pocahontas, frumbyggjar Ameríku, landnemar, rétturinn til að velja sér maka, sjálfstæði kvenna, mannkynssagan, jákvæðni, markmiðasetning. 1.-4. bekkur

ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR – Leikskólinn, vinátta, samstaða, ævintýri, hjálpsemi, jákvæðni, markmiðasetning. 3+

APASTJARNAN – Munaðarleysi, draumur lítillar stúlku um að eignast móður, tengsl óvenjulegra mæðgna, bókmenntir, óréttlæti, barátta fyrir eigin heimili, samstaða, kærleikur, markmiðasetning. 1.-4. bekkur.

TORI OG LOKITA - Börn á flóttu, vandamál flóttamanna í dag, að komast af, lífsleikni, kærleikur, samstaða, markmiðasetning, hugrekki. 8.-10. bekkur.

HILDA FRÆNKA – Samskipti systra og foreldra, ævintýri, töfraplöntur, umhverfisvernd, erfðabreyting, græðgi, réttlætisbarátta. 2-5. bekkur.

FUGLARNIR – Myndir Hitchcock, spennutryllir, fuglaárásir, ástarsaga, tæknibrellur, bíóklassík. 9.- 10. bekkur.

DR. STRANGELOVE – Kalda stríðið, samskipti Bandaríkjanna og Sovétríkjanna á sjöunda áratugnum, kjarnorkusprengjan, mannkynssagan, umræða nútímans um kjarnorku, bíóklassík. 8.-10. bekkur.

CLOSE– Samskipti tveggja drengja, vináttumissir, einelti, sorgarviðbrögð, kærleikur, fjölskyldutengsl, 8.-10. bekkur.

THE ROYAL TENENBAUMS – Gamanmynd, myndir Wes Anderson, brotin fjölskyldutengsl, óvenjulegt samband föðurs og systkina. 6.-10. bekkur.

HUGO - Munaðarleysi, vinátta ólíkra einstaklinga, baráttan fyrir frelsi, lífsleikni, saga Georges Méliès, saga upphafs kvikmyndanna, tæknibrellur, 3.-7. bekkur.

WADJDA – Líf stúlkna í Sádi-Arabíu, barátta fyrir frelsi og kvenréttindum, að eiga sér draum, lífsleikni, markmiðasetning, hugrekki, samband móður og dóttur, lífið í Sádi-Arabíu. 6.-9. bekkur.

SKRÁNINGAR: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís

